

304. fundur Skólanefndar FS

19. október 2010



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Hjálmar Árnason, Ingimundur Þ. Guðnason, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson, Andri Þór Ólafsson og María Magnúsdóttir og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Skólameistari setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Umbótaáætlun.
 2. Staða mála - fjárlög.
 3. Önnur mál.

1. Umbótaáætlun.

Skólameistari kynnti umbótaáætlun sem tekin var saman í kjölfarið á úttekt sem gerð var á skólanum síðasta vetur. Áætlunin hefur verið send menntamálaráðuneyti og má vænta viðbragða þaðan um miðjan nóvember.


2. Staða mála - fjárlög.

Skólameistari sagði stöðu mála varðandi fjárhag skólans. Í fjárlögum er gert ráð fyrir 2% niðurskurði sem verður um 14-15 milljónir kr. Húsaleiga hefur hækkað og þar vantar 15 milljónir til að endar nái saman. Kennsluafsláttur nemur 2½ stöðu og þá þarf skólinn að bera kostnað vegna viðbótarlífeyrissparnaðar starfsmanna. Reiknað er með um 1100 umsóknum um skólavist á vorönn en skólinn hefur um 900 nemendaígildi.

3. Önnur mál.

- a) Skólameistari kynnti bréf sem sent var Samtökum sveitarfélaga á Suðurnesjum með upplýsingum um nemendafjölda og húsnæði skólans.
- b) Skólinn hefur sótt um styrk til menntamálaráðuneytis vegna dæmabrautar í vélvirkjun. Þá hefur verið sótt um styrk vegna dæmabrautar í trésmíði og málmsmíði í samvinnu við aðra skóla.
- c) Hjálmar lagði til að útilistaverkið við skólann verði lýst upp.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Gunnar Valdimarsson,
fundarritari